

Nefndasvið Alþingis  
berist iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 10.03.2009  
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um vishönnun vöru sem notar orku, þskj. 575 - 335. mál**

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um vishönnun vöru sem notar orku, þingskjal 575 - 335. mál, lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008 –2009.

Athugasemdir Landsvirkjunar eru eftirfarandi:

1. Gerð er athugasemd við að frumvarpið nái til búnaðar sem vinnur orku eða “framleiðslu .... orku” eins og það er orðað í a-lið 3. gr. frumvarpsins. Frumvarpið er um vishönnun vöru sem notar orku.
2. Ekki er eðlilegt að krafa um CE merkingu búnaðar til orkuvinnslu komi fyrst fram í þessu frumvarpi.
3. Orka er almennt séð unnin en ekki framleidd og notuð (nýtt).
4. Orðið “orkuúlag” (“háð orkuúlagi”) í a-lið 3. gr. er óþekkt í hugtakanotkun hér á landi. Betra er að nota “nýtir orku” og laga innihaldið í sviganum í a-lið 3. gr. þannig: “(rafmagn, eldsneyti eða endurnýjanlega orku)”.
5. Í hugtakanotkun frumvarpsins er nauðsynlegt að líta til gildandi laga á raforkusviði til að forðast misskilning.

Með tilvísun til framangreinds Landsvirkjun kemur umsögn þessi í stað umsagnar um sama frumvarp, dags. 5. mars 2009, sem áður var send iðnaðarnefnd.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson  
forstjóri